

Fimmtudaginn 19. janúar 1984.

Nr. 7/1984. **Hermann Ægir Aðalsteinsson**
 gegn
Arnfríði Sigurðardóttur
vegna dánarbús Jakobs Lindal

Kærumál. Frávísun. Kæruheimild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðili hefur með kærubréfi, er hann setti í ábyrgðarpóst 19. október 1983, en barst héraðsdómara 24. s. m., skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar, en vitneskju um úrskurðinn fékk hann 5. október s. á. Gögn málsins bárust Hæstarétti 13. janúar 1984.

Sóknaraðili krefst þess, að úrskurðinum verði breytt á þá leið, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða varnaraðilja 1.798.00 krónur í ómaksbætur samkvæmt 1. mgr. 180. gr. einkamálalaga nr. 85/1936 og a lið 1. mgr. 5. gr. lágmarksgjaldskrár Lögmannafélags Íslands, sem í gildi var 29. september 1983.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Hinn kærði úrskurður bæjarþings Hafnarfarðar varðar aðeins ákvörðun málskostnaðar, en felur ekki í sér réttarsátt. Úrskurðurinn verður því ekki kærður til Hæstaréttar samkvæmt 4. mgr. 5. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 6. gr. laga nr. 28/1981, sem sóknaraðili vísar til sem kæruheimildar. Heimild til kæru verður heldur ekki byggð á 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973.

Samkvæmt þessu brast sóknaraðilja heimild til kæru, og ber að vísa kærumáli þessu frá Hæstarétti. Kemur þá ekki til álita hvort kært hafi verið innan loka kærufrests, sbr. 22. gr. laga nr. 75/1973.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 4.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Hermann Ægir Aðalsteinsson, greiði varnar-

aðilja, Arnfríði Sigurðardóttur vegna dánarbús Jakobs Líndal, 4.000.00 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður bæjarþings Hafnarfjarðar 29. september 1983.

Mál þetta var þingfest 24. maí 1983, en hafið í dag að kröfu stefnanda og tekið til úrskurðar um málskostnaðarkröfu stefnda.

Mál þetta höfðaði Hermann Ægir Aðalsteinsson sjómaður, Hafnarstræti 88, Akureyri, (Ásmundur S. Jóhannsson hdl.) fyrir dóminum með stefnu, birtri 18. maí 1983, gegn Arnfríði Sigurðardóttur húsfúru, Grænukeinn 23, Hafnarfirði, f. h. dánarbús Jakobs Líndal (Tómas Þorvaldsson hdl.) til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 14.110.25 auk 31% ársvaxta af kr. 4.364.40 frá 1. febrúar 1980 til 1. júní 1980, en 35% ársvaxta af sömu upphæð frá þeim degi til 8. maí 1981, sömu ársvaxta af stefnu fjárhæð frá þeim degi til þingfestingardags málsins, en dómvaxta frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af hálfu stefndu var krafist sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Mál þetta átti rót sína í kaupum Jakobs Líndal, sem lést árið 1982, á vélbátnum Knarrarnesi, GK 99, af stefnanda og sameiganda hans að bátnum, en eftirlifandi maki Jakobs heitins, stefnda, Arnfríður Sigurðardóttir, situr í óskiptu búi.

Sem áður greinir var mál þetta þingfest 24. maí 1983, en frestað þá og aftur 14. júní 1983 að óks stefnanda. Af hálfu stefndu hafði þá ekki verið sótt þing í málinu. Málið var næst tekið fyrir 28. júní 1983, og var þá mætt af hálfu stefndu og aftur 5. júlí 1983, en þá var lögð fram greinargerð og fylgiskjöl af hennar hálfu og málinu frestað ótiltekið.

Þessi dómari þingaði fyrst í málinu 5. þ.m. og leitaði sátta, en án árangurs. Var málinu við svo búið frestað til aðalflutnings til dagsins í dag. Af hálfu stefnanda voru þá lögð fram nokkur skjöl, þ. á m. skrifleg aðilja-skýrsla og gagnaöflun lýst lokið. Af hálfu stefndu var fyrirhugað að leiða tvö vitni, en áður en til þess kom og eftir árangurslausa sáttatillraun, var málið hafið að kröfu stefnanda, eins og áður greinir, og tekið til úrskurðar um málskostnaðarkröfu stefndu.

Samkvæmt 1. mgr. 180. gr. laga nr. 85/1936 ber að dæma stefnanda til að greiða stefndu málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn krónur 7.500.00.

Hlökkver Kjartansson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Stefnandi, Hermann Ægir Aðalsteinsson, greiði stefndu, Arnfríði

Sigurðardóttur f. h. dánarbús Jakobs Lindal, 7.500.00 krónur í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 20. janúar 1984.

Nr. 238/1983. **Stálvinnslan h/f**

gegn

Ragnari Magna Magnússyni

og Style h/f

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðili hefur hinn 16. desember 1983 með heimild í b lið 1. mgr. 1. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands kært frávísunardóm, uppkveðinn á bæjarþingi Hafnarfjarðar 28. nóvember 1983. Hæstarétti barst kærumál þetta 27. desember 1983. Dómkröfur sóknaraðilja eru þær, að hinum kærða dómi verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að dæma málið að efni til. Þá krefst sóknaraðili og kærumálskostnaðar.

Lögmaður sóknaraðilja lýsir yfir því í kærinni, að hvorki hann né sóknaraðili hafi fengið vitneskju um frávísunardóminn fyrr en 6. desember 1983, er lögmaðurinn vitjaði endurrits dómsins. Verður að byggja á þessari yfirlýsingu hæstaréttarlögmansins.

Í hinum áfrýjaða dómi er frá því greint, að stefndi, Ragnar Magni, hafi fengið í hendur greiðslu þá, er fékkst fyrir fiskflokkunarvélina, sem seld var Stinson Canning Corporation. Ágreiningur er með aðiljum um það, hvort hann hafi haft heimild til þess að ráðstafa fé þessu til þess að greiða upp lán áfrýjanda við Iðnrekstrar sjóð, er hvíldi á fasteign stefnda, Ragnars Magna, að Stekkjarflöt 21, Garðabæ.